

## GJALDSKRÁ

### vatnsveitu Ölfuss.

#### 1. gr.

##### *Vatnsgjald.*

Samkvæmt 6. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og reglugerð nr. 401/2005 er heimilt að leggja á fasteign almennt vatnsgjald hafi vatnsveita verið tengd við mannvirki á fasteign. Mannvirki telst tengt vatnsveitu þegar heimæð hefur verið tengd frá vatnsveitulögn í vatnsinntak notanda. Samkvæmt 6. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 er heimilt að leggja á fasteign almennt vatnsgjald hafi vatnsveita verið tengd við mannvirki á fasteign. Mannvirki telst tengt vatnsveitu þegar heimæð hefur verið tengd frá vatnsveitulögn í vatnsinntak notanda.

#### 2. gr.

##### *Stofn til álagningar vatnsgjalds.*

Stofn til álagningar vatnsgjalds á allar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra. Af öllum fasteignum, sem gjaldskyldar eru, skal greiða vatnsgjald sem nemur 0,15% af álagningarstofni. Vatnsgjald fer aldrei yfir 0,5% af fasteignamati.

Gjalddagar vatnsgjalds eru þeir sömu og fasteignaskatta, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 32/2004 og 12. gr. reglugerðar nr. 401/2005.

Ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds fer samkvæmt lögum nr. 32/2004.

#### 3. gr.

##### *Heimæðar.*

Gjöld fyrir heimæðar miðast við að ídráttarrör fyrir heimæð hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað vatnsveitu Ölfuss við lóðarmörk að tengistað mannvirkis (inntaksrými). Enn fremur er miðað við, að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekin út og samþykkt af vatnsveitu Ölfus.

Þvermál heimæðar, plast, mm	Verð, lengd heimæðar 0-35 m, kr.	Verð á metra umfram 35 m, kr.
< 32	182.973	1.830
40	236.755	2.367
50	306.489	3.065
63	441.989	4.420
75	590.556	5.906
90	859.478	8.595
110	959.513	9.595
160	1.123.811	11.238

Stærð heimæðar er ákvörðuð af vatnsveitu Ölfuss í samræmi við ósk kaupenda um vatnsmagn í umsókn. Þar sem lengd heimæðar er styttri en 35 metrar gildir ofangreint. Fyrir hvern metra umfram 35 metra er heimilt að innheimta 1% af heimæðagjöldum viðkomandi málstærðar. Óski húseigandi eftir færslu heimæða að nýjum tengipunkti greiðir hann heimæðagjöld að nýju.

Gjald vegna tengingar og aftengingar á byggingarvatni er 27.160 kr.

#### 4. gr.

##### *Vatnsveita í dreifbýli.*

Stofngjald í dreifbýli skal reikna sérstaklega í hverju tilfelli fyrir sig og skulu þau fela í sér allan kostnað sem til fellur vegna tengingar við stofnkerfi vatnsveitunnar. Að auki skal hvert lögbýli, sumarbústaður, landspildur/beitarhólf eða hvert annað mannvirki sem óskar tengingar við vatnsveitu, greiða tengigjald kr. 150.000 pr. inntak.

Fyrir vatnslögn í landspildu/beitarhólf skal auk útlagðs kostnaðar, greiða kr. 25.000 á hverja tengingu.

## 5. gr.

*Mælaleiga.*

Mælaleiga skv. 7. gr. laga nr. 32/2004 og 14. gr. reglugerðar nr. 401/2005 er háð stærð og gerð mælis sem hér segir:

Nafnmál mm/''	Kennitákn	Mælaleiga kr. pr. ár	Mælaleiga kr. pr. dag
< 25/1	25	8.035	22
30/1¼	30	8.520	23
40/1½	40	10.495	29
50/2	50	13.918	38
65/2½	65	21.111	58
80/3	80	30.412	83
100/4	100	38.861	106
150/6	150	44.807	123

Ábyrgð á greiðslu mælaleigu og notkunargjalds fer skv. 14. gr. reglugerðar nr. 401/2005. Notkunargjald og mælaleiga er innheimt eftir á og að öllu jöfnu ársfjórðungslega.

## 6. gr.

*Graftargjöld.*

Gjald vegna ídráttarröra, fleygunar og sprenginga.

Vanti ídráttarrör eða ídráttarrör reynist ónothæft greiðist vegna skurðgraftar, 10.735 kr./lengdar-metra.

Reynist nauðsynlegt að fleyga eða sprengja klöpp eða ef frost er í jörðu bætist eftirfarandi kostnaður við skurðgröft, sbr. 1. mgr., sem innheimtist eftir á.

<i>Klaki/klöpp:</i>	<i>dýpt sm:</i>	<i>kr./lengdarmetra:</i>
klaki/klöpp	< 30	3.428
klaki/klöpp	> 30	6.916

## 7. gr.

*Aukavatnsgjald.*

Aukavatnsgjald 12,10 kr./m<sup>3</sup> skulu fyrirtæki og aðrir greiða, er nota kalt vatn til annars en heimilisþarfa.

## 8. gr.

*Vísitölubinding.*

Önnur gjöld í gjaldskrá þessari en þau er koma fram í 1. gr. miðast við byggingarvísitölu í janúar 2020 (146,7 stig) og breytast 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölunni.

## 9. gr.

*Gildistaka gjaldskrár.*

Gjaldskráin var samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 28. maí 2020, samkvæmt 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004. Gjaldskráin öðlast gildi þegar í stað, jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1200/2006.

*Þorlákshöfn, 1. júní 2020.*

**Elliði Vignisson** bæjarstjóri.